

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar vegna Hólabrúarnámu, Innri-Hólmur.

Skipulagsstofnun staðfesti 16. júlí 2025 breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 23. apríl 2025.

Í breytingunni felst að efnistökusvæði E13 er stækkað um 2 ha, eða úr 26 í 28 ha. Landbúnaðarland minnkar sem því nemur. Heimilað er að vinna alls 2.250.000 m³ af efni í stað 1.200.000 áður.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 16. júlí 2025.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 30. júlí 2025